

um prentfjelagsins, er hann hefur haft undir stjórn sinni sem skiptaráðandi. Hvað skaðabótakröfu áfrýjanda snertir, þá hefur hann ekki gjört tilraun til að sýna eða sanna, að fjelagið hafi nokkurt tjón beðið af skiptameðferð á eigum þess og ráðsmennsku skiptarjettarins á þeim, og verða stefndu því eigi skyldaðir til að svara fjelaginu neinum skaðabótum í þessu skyni. Aftur á móti þykir rjett, að stefndu greiði áfrýjanda allir in solidum málskostnað með 60 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptaúrskurður 3. apr. f. á. skal úr gildi felldur og skyldast skiptaráðandi til að skila prentfjelagsbúinu í hendur prentfjelagsstjórninni, sem löglegum umráðanda þess. Málskostnað greiði allir hinir stefndu, sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen, Sigurður Stefánsson, Jón Einarsson, Jakob Rósinkarsson og Gunnar Halldórsson in solidum áfrýjandanum Þorvaldi Jónssyni með 60 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marzmánaðar.

Nr. 2 1892:

Rjettvísinn

gegn

Rögnavaldi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 16. októberm. f. á. var hinn ákærði, Rögnavaldur bóndi

Guðmundsson á Svarfhóli í Súðavíkurhreppi, dæmdur fyrir sviksamlegt athæfi samkvæmt 258. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869 í 8 daga einfalt fangelsi og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 4 kr. í málsvarnarlaun til kand. Gríms Jónssonar. En þessum dómi hefur að ósk hins dómfellda verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með veðskuldabryfi, dags. 5. sept. 1884, innrituðu til þinglesturs daginn eptir og þinglesnu á næsta manntalsþingi, að Súðavík, 9. júní 1885, veðsetti hinn ákærði H. A. Clausens verzlun á Ísafirði fyrir skuld til hennar með fyrsta veðrjetti eigur sínar, nefnilega 2 kýr, 2 hesta, 1 bát með tilheyrandi útgerð, seglum og árum, öllu í bærilegu standi, svo og allar aðrar eigur sínar og allt það er hann eignaðist, þar til skuldinni væri lokið. Vorið 1885 drápust báðar kýr ákærða úr pest, og hjálpuðu þá sveitungar hans í Hrófbergshreppi honum og skutu saman handa honum kýrverði, sem hann svo keypti sjer kú fyrir, en það var haft í skilyrði fyrir hjálpinni, eptir því sem hreppsnefndin í Hrófbergshreppi hefur vottað í málinu, að ákærði mætti eigi farga nefndum bjargræðisgrip eða hann takast frá honum til afborgunar neinum öðrum skuldum. Snemma um sumarið 1890 var ákærði krafinn um skuld til Sigfúsar kaupmanns Bjarnarson á Ísafirði, og kom verzlunarstjóri nefnds kaupmanns heim til ákærða í því skyni, og seldi þá ákærði verzluninni greinda kú fyrir 85 kr., og gekk andvirði hennar að mestu leyti upp í skuldina til Sigfúsar kaupmanns, en ákærði tók út á afganginn nauðsynjar sínar. Seinna um sumarið gaf ákærði upp bú sitt sem gjaldprotta, og þar sem H. A. Clausens verzlun, sem ákærði var þá eigi búinn að

greiða neitt af framangreindri veðskuld, fjekk við skiptin á búinu að eins lítið upp í skuld sína, en verzlunarstjóri hennar hafði frjett, að ákærði hefði selt fyrnefnda kú, sem hann áleit vera verzluninni veðsetta, þá kærði hann ákærða fyrir sýslumanni fyrir að hafa dregið undan og selt af veðinu, og tók sýslumaður síðan fyrir mál þetta.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi ímyndað sér eða ætlað, að kýrin, sem hann keypti fyrir styrkinn frá sveitungum sínum, heyrði eigi undir veðrjett Clausens verzlunar, og að hann hafi hálfvegis skoðað hana sem eign Hrófbergshrepps eða sveitunga sinna þar, þó að hann teldi sér frjálst að hagnýta sér hana eða selja hana eins og hann gjörði. Hann kveðst einnig hafa minnzt á veðbandið á eigum sínum við verzlunarstjóra Sigfúsar kaupmanns, áður en hann seldi honum kúna, og hefði hann sagzt skyldi ábyrgjast söluuna hvað veðið snerti; en þetta hefur verzlunarstjórinn reyndar eigi fullkomlega viljað kannast við. Þegar nú lítið er til þess, sem hreppsnefndin í Hrófbergshreppi hefur samkvæmt áðursögðu vottað um skilyrði fyrir kýrgjöfni, og til eðlis þessa bjargræðisstyrks í sjálfu sér, þá þykir mega taka trúanlega skýrslu ákærða um skoðun hans á veðrjettinum, að hann eigi næði til kýrinnar, og verður því að álíta, að hann hafi eigi haft neinn sviksamlegan tilgang með kýrsölunni. Þar sem eigi er heldur nein ástæða til að ætla, gegn neitun ákærða, að hann hafi þá þegar, er hann seldi kúna, verið búinn að afráða að framselja bú sitt til skiptameðferðar sem gjaldþrota, sem hann þó gjörði nokkru síðar um sumarið, þá verður að sýkna hann fyrir ákæru sóknarans í þessu máli, og greiðist málskostnaður, þar með talin máls-

varnarlaun í hjerði, 4 kr., og málflytningslaun til hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, af almannaþje.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Rögnvaldur Guðmundsson á að vera sýkn fyrir ákæru sóknarans í máli þessu. Málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun til kand. Gríms Jónssonar, 4 krónur, og málflytningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málflytningsmannana Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra, greiddist af almannaþje.

Nr. 1/1892:

Rjettvísinn
gegn
Guðna Jónssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 1. ágúst m. f. ár, var hinn ákærði Guðni Jónsson dæmdur fyrir þjófnað og ólögmæta meðferð á fundnu þje til að þola 20 vandarhagga refsingu með hliðsjón af 235., 37. og 30. gr. alm. hegningarlaga, eins og komizt er að orði í dóminum, svo og til að greiða allan málskostnað. Dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir norð-ur- og austuramtinu skotið til yfirjettarins.

Það er sannað í máli þessu með játningu hins á-